



E 6 2022

Fyrirspyrjendur Annette Lind og Gunilla Carlsson
Viðtakendur Ríkisstjórnir á Norðurlöndum

Til ríkisstjórna á Norðurlöndum

**Skrifleg fyrirspurn
um fjárveitingar landanna til loftslagsmála**

Flokkahópur jafnaðarmanna í Norðurlandaráði álitur framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar varðandi umskipti í loftslagsmálum djúptæka og mikilvæga. Séu heildarfjárveitingar Norðurlandaráðs að fjárhæð 1 millj. danskra króna bornar saman við áformuð en veruleg umskipti í samfélögum okkar verður ljóst að ríkissjóðir landanna standa straum af kostnaði við allar meiriháttar aðgerðir gegn loftslagsbreytingum.

Norðurlandaráð vill vera uppbyggilegt og samræmandi afl sem stuðlar að virðisauka og enn árangursríkari mótvægisaðgerðum en telur sig þurfa almennt yfirlit um loftslagsaðgerðir í einstökum löndum, þar með talið um fjárframlög til verkefnisins.

Með hliðsjón af þessu er eftirfarandi spurning borin fram:

Munu norrænu löndin senda frá sér uppgjör yfir fjárveitingar hvers lands til verkefna sem tengjast umskiptum í loftslagsmálum og, sé þess kostur, sundurliða þau eftir fjárveitingum til mismunandi sviða?

Norðurlöndum, 24. febrúar 2022

Annette Lind (S)

Gunilla Carlsson (S)